

Fundargerð 39. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar  
25. ágúst, kl. 17:00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður  
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður  
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður  
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri  
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkvæmdastjóra sem jafnframt  
ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar  
Borinn upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Samningur vegna reksturs og þróunar sjúkrahúss á Ásbrú  
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn stöðu samnings við Iceland Health vegna reksturs og þróunar sjúkrahúss á Ásbrú. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að ljúka málinu út frá framlögðum tillögum.
3. Erindi frá Háskólavöllum  
Kynnt var fyrir stjórn viðauki vegna kaupsamnings vegna samruna HV1 ehf. og Háskólagarða ehf.  
Einnig kynnti framkvæmdastjóri hugmyndir Háskólagarða ehf. um veðleyfi í eignum sem keyptar voru skv. kaupsamningi. Stjórn mun vinna málið með framkvæmdastjóra fram að næsta stjórnarfundi.
4. Önnur mál.  
Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir Braga Þórs Jósefssonar um útgáfu ljósmyndabókar sem sýnir svæðið og byggingar á þeim tíma stuttu eftir að Varnarliðið hélt af landi brott.  
Stjórn tekur vel í erindið, og telur mikilvægt að halda utan um sögu og menningu svæðisins. Framkvæmdastjóra gert að vinna málið áfram og koma með tillögur um með hvaða hætti haldið verði utan um sögu svæðisins.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

*Páll Sigurjónsson*  
*Árni Sigfússon*  
*Reynir Ólafsson*